



Stefna í trjáræktarmálum



Inngangur

Saga trjáræktar í Reykjavík er stutt miðað við aðrar borgir. Það má finna nokkur dæmi frá fyrri hluta 19. aldar um ræktun reynis og birkis sem voru sótt úr nálægu gróðurlendi og sett í garða í Reykjavík. Með komu Schierbeck landlæknis, sem sest að í Reykjavík 1882, má segja að tímabil trjáræktar og ýmiss konar garðræktar hefjist fyrir alvöru. Schierbeck var með garð þar sem nú er Víkurgarður og plantaði hann silfurreyninum sem enn stendur og er elsta tré Reykjavíkur.

Í dag er mikilvægi trjágróðurs augljós og hann er mikilvægasti byggingarsteinninn í útivistarsvæðum borgarinnar. Trjágróðurinn veitir skjól, dregur úr mengun og bætir ásýnd og ímynd borgarinnar. Það hefur líka verið sýnt fram á að græn svæði vaxin trjágróðri bæta bæði andlega og líkamlega heilsu.

Reykjavíkurborg ræktaði tré í skrudgördum og á opnum svæðum með vaxandi krafti eftir því sem leið á síðustu öld. Samhliða hefur byggst upp aukin reynsla og þekking á ræktun trjágróðurs.

Það hefur verið leiðarljós í starfsáætlun borgarinnar frá því um síðustu aldamót að stuðla að fallettri borg þar sem græn svæði borgarinnar skapi umgjörð fyrir holla útivist, fræðslu og ræktun. Í markmiðum garðyrkjudeildar hefur það verið enn lengur að planta trjágróðri sem víðast til skjóls og þrói í íbúðahverfum og meðfram umferðargötum.

Þessi markmið og leiðarljós eiga enn við en það er tímabært að fara yfir stefnumörkunina og skilgreina betur markmið og leiðir.

Starfshópur

Umhverfis- og samgönguráð samþykkti á fundi sínum 26. júní 2012 að skipa starfshóp til að vinna drög að stefnumörkun í trjáræktarmálum. Starfshópur var skipaður 23. október, sjá meðfylgjandi minnisblað og erindisbréf.

Í hópnum hafa starfað: Auður Jónsdóttir, Björn I. Edvardsson, Hermann G. Gunnlaugsson, Margrét Sigurðardóttir Súsanna Flygenring og Þórólfur Jónsson.



Undirbúningur

Fyrir liggur ýmis vinna sem hefur nýst við gerð stefnumörkunar. Þar má nefna skýrslu Hermanns G. Gunnlaugssonar um trjágróður í skipulagi sem unnin var fyrir skipulags- og byggingarsvið¹, skýrslu Samsons B. Harðarsonar um tegundaval fyrir götutré sem unnin var fyrir garðyrkjustjóra². Einnig hefur Margrét Sigurðardóttir dregið saman margs konar efni³. Síðast en ekki síst liggur fyrir þekking og reynsla hjá starfsmönnum Reykjavíkurborgar sem hefur komið að góðum notum.

Starfshópurinn fékk ráðgjafarfyritækið Netspor til stýra vinnufundi 5. desember 2012, með starfsmönnum borgarinnar úr garðyrkju, fulltrúum frá skipulagi og úr tæknimannahópi sviðsins þar sem leitað var eftir efni sem erindi ætti í trjáræktarstefnu.

Vinnufundurinn var spurður eftirfarandi spurninga:

1. Á hvaða svæðum skal planta trjágróðri og á hvaða svæðum ætti ekki að planta trjágróðri?
2. Hver eru markmið og tilgangur með trjágróðri í borginni?
3. Hvert ber að stefna með núverandi götutré og hvaða línur ætti að setja með ný götutré?
4. Eiga íbúar kröfu á að stórvaxin tré séu fjarlægð? Vegna sólar? Útsýnis? Óþrifa?
5. Hvað ætti fleira að vera í trjáræktarstefnu ?

Samantekt frá fundinum er í fylgigögnum en fram kom að mikilvægt sé að stefna í trjáræktarmálum innhaldi eftirfarandi:

- Móta langtímasýn í málaflokknum
- Notagildi (t.d. kolefnabinding og fl.)
- Tryggja fjölbreytileika
- Sjálfbærni
- Ímynd og ásýnd Reykjavíkur
- Notagildi (útivist og lýðheilsa)
- Trjárækt á einkasvæðum



¹ Trjágróður og skipulag Nýting trjágróðurs í skipulagi Leiðbeiningar vegna almennra framkvæmda og skipulags. 2008 Teiknistofan STORÐ

² Tillaga að stefnumótun um val á tegundum og ræktun götutrjáa hjá Reykjavíkurborg. 2011 Samson B. Harðarson.

³ Óbirt gögn.

Stefnumörkun

Eftirfarandi eru tillögur að markmiðum og aðgerðum. Aðgerðarlistinn er ekki tæmandi og áætlað er að hann verði endurskoðaður eftir því sem þurfa þykir.

Leiðarljós

Að stuðla að fallettri borg þar sem græn svæði borgarinnar skapi umgjörð fyrir holla útivist, fræðslu og ræktun.

Að stuðla að auknum lífsgæðum með bættri lýðheilsu og heilnæmara umhverfi.



Markmið:

1. Ræktun trjágróðurs verði aukin í borginni til að auka skjól og styrkja græna ímynd og ásýnd Reykjavíkur.
2. Áhersla verði á að rækta fjölbreyttan trjágróður.
3. Lífsskilyrði trjágróðurs verði sem best og þess gætt að tegundaval hæfi aðstæðum.
4. Gróðursvæði verði flokkuð í umhirðuflokka og unnið samkvæmt umhirðuviðmiðum.
5. Stefnt skal að því gróðursvæða verði sem mest sjálfbær.
6. Gömul og sérstök tré og trjágróður með menningarsögulegt gildi fái vernd.
7. Ræktun nytjatrágróðurs verði aukin.
8. Fræðsla til almennings um tré og trjágróður verði aukin.
9. Trjáræktarstefna skili sér í skipulagsáætlunum.
10. Þekking verði aukin um mikilvæg tré á einkalóðum og trjám sem eru einkennandi fyrir ákveðin hverfi.



Markmið og leiðir

1. Ræktun trjágróðurs verði aukin í borginni til að auka skjól og styrkja græna ímynd og ásýnd Reykjavíkur.

Trjágróðurinn skapar aðlaðandi umhverfi, bætir veðurskilyrðin í borginni og hreinsar loftið af svifryki og ýmsum mengandi lofttegundum. Trjágróðurinn lokar af umferð og innsýn á iðnaðar- og athafnasvæði. Trjágróðurinn sýnir árstíðirnar og er búsvæði fyrir fugla og aðrar lífverur. Það er margsannað að dvöl í náttúru- og útivistarsvæðum bætir lýðheilsu og bætir þar með lífsgæði. Í leiksvæðastefnu borgarinnar⁴ er lögð áhersla á að koma upp meiri og fjölbreyttari gróðri í leikumhverfi barna.

Aðgerðir:

- Unnin verði framkvæmdaáætlun fyrir aukna trjárækt. Meðal annars til að auka skjól í íbúðahverfum, hindra sýn inn á athafnasvæði, gera umhverfi samgöngumannvirkja aðlaðandi og skýla gangandi og hjólandi.
- Skoða tækifæri til trjáræktar á lóðum borgarinnar.
- Í aðgerðaáætlun leiksvæðastefnu verði áhersla lögð á að auka trjágróður og planta fjölbreyttum gróðri sem bætir umhverfið og eykur leikgildi svæðanna.

2. Áhersla verði á að rækta fjölbreyttan trjágróður.

Gróðurinn hefur mismunandi notagildi, til fegurðar, skjóls og nytja. Með fjölbreyttum gróðri er hægt skapa margs konar umhverfi. Með því að skapa mismunandi skilyrði er hægt að rækta enn fjölbreyttari tegundir sem þurfa skjól eða hálfskugga af öðrum tegundum. Draga má úr áhrifum vegna veðurs og mögulegra skaðvalda með því að rækta margvíslegar tegundir og ræktunaryrki. Í Ræktunarstöð Reykjavíkurborgar hefur gegnum árin verið leitast við að rækta gróður sem hentar vel aðstæðum í útivistarsvæðum borgarinnar. Þar liggur mikil þekking og reynsla af ræktun margvíslegra tegunda og ræktunaryrkja sem hafa dafnað vel í útivistarsvæðum.

Aðgerðir:

- Ný gróðursetningarverkefni taki mið af því að rækta fjölbreyttan gróður.
- Þátttaka í þróunarverkefnum um heppilegar tegundir fyrir útivistarsvæði svo sem Yndisgróðursverkefnið⁵.
- Prófa nýjar tegundir götutrjáa.
- Gerð verði áætlun um að planta langlífum tegundum í skrúðgarða og græn svæði.

3. Lífsskilyrði trjágróðurs verði sem best og þess gætt að tegundaval hæfi aðstæðum.

Á undanförunum árum hafa komið upp nýir skaðvaldar í trjágróðri, oft í tegundum sem eru mikið notaðar. Minnka má áhættuna með almennum aðgerðum, með því forðast einræktun og rækta fjölbreyttan gróður. Gæta þarf þess að trjágróður fái það rými sem viðkomandi tegundir þurfa til að geta þrífist, bæði rými fyrir krónu og ekki síður nægilegt jarðvegsrými. Þetta á ekki síst við um götutré. Gerð hefur verið úttekt á

⁴ Leiksvæðastefna samþykkt í borgarstjórn 3. apríl 2012

⁵ <http://yndisgrodur.lbhi.is/>



ástandi götutrjáa sem sýnir lélegt ástand þeirra. Tré eru langlíf og því þarf að velja rétta tegund á réttan stað fyrir rétt hlutverk. Borginni berast árlega fjöldi beiðna um fellingu trjáa á borgarlandinu. Stundum vegna útsýnis sem er horfið, stundum vegna óska um taka frá auglýsingaskilti en líka iðulega vegna þess að skuggi fellur á lóðir frá borgartrjánunum. Það eru allmörg dæmi um ógætilega plöntun borgarinnar á stórvöxnum trjátegundum við lóðarmörk á móti suðri og vestri. Það hefur að jafnaði verið orðið við fellingarbeiðnum vegna staðfests skuggavarps frá borgartrjám en hafnað beiðnum vegna auglýsingaskilta og útsýnis. Beiðnum vegna trjáfellinga hefur fjölgað og er þetta því vaxandi kostnaður.

Aðgerðir:

- Nýta þekkingu og reynslu Ræktunarstöðvar og garðyrkjufólks á tegundavali og reynslu af ræktun.
- Þátttaka í verkefnum sem hafa það að markmiði að bæta þekkingu á tegundavali, skaðvöldum og reynslu af ræktun.
- Gerð verði áætlun um götutré, hvernig skuli bregðast við niðurstöðu úr úttekt. Hvar og hvernig eigi að skipta um tré.
- Gerð verði tillaga að meðferðarreglum vegna beiðna um trjáfellingar á borgarlandi.

4. Gróðursvæði verði flokkuð í umhirðuflokka og unnið samkvæmt umhirðuviðmiðum.

Mismunandi gróðursvæði þurfa mismunandi umhirðu. Skrúðgarðar þurfa mun meiri umhirðu en skógarlundir en öll svæði þurfa samt einhverja umhirðu

Aðgerðir:

- Gróðursvæði verði flokkuð og umhirðuviðmið skilgreind fyrir mismunandi svæði.

5. Stefnt skal að því gróðursvæða verði sem mest sjálfbær.

Minnka má þörf á umhirðu með vali á fjölbreyttum tegundum sem hæfa ræktunarskilyrðum og með því að nota jaðargróður og undirgróður runna og fjölærar plöntur. Hægt er að breyta ýmsum slegnum grassvæðum í sjálfbær hálf-náttúruleg gróðursvæði með gróðursetningu trjágróðurs.

Aðgerðir:

- Gerð verði áætlun um að breyta trjáræktarsvæðum í átt til meiri sjálfbærni með gróðursetningu jaðargróðurs og undirgróðurs.
- Gerð verði áætlun um að breyta slegnum grassvæðum í sjálfbær gróðursvæði.
- Gerðar verði tilraunir með notkun fjölærra plantna.

6. Gömul og sérstök tré og trjágróður með menningarsögulegt gildi fái vernd.

Margar trjátegundir geta orðið mjög gamlar. Gömul tré hafa mikið gildi fyrir umhverfi sitt. Hverfisvernd má beita á verðmætustu trén í eigu borgarinnar og einnig tré á einkalóðum náist um það samstaða. Í einhverjum tilfellum gætu átt við lög um menningarminjar frá 2012⁶ en í þeim teljast til fornleifa hvers kyns mannvistarleifar sem náð hafa 100 ára aldri og þar með talið búsetulandslag, skrúðgarðar og kirkjugarðar.

⁶ <http://www.althingi.is/lagas/141b/2012080.html>



Aðgerðir:

- Gerður verði listi yfir sérstök, gömul eða mikilvæg tré í eigu borgarinnar
- Gerður verði listi yfir sérstök, gömul eða mikilvæg tré á einkalóðum.
- Mikilvæg tré fái hverfisvernd í skipulagi.
- Gerð verði samantekt yfir elstu garða í borginni og úttekt á trjágróðri í þeim.

7. Ræktun nytjatrjágróðurs verði aukin.

Áhugi á ræktun ávaxtatrjáa og berjarunna hefur aukist til muna. Plantað hefur verið töluvert af berjarunnum í græn svæði borgarinnar en reynsla af ýmsum ávaxtatrjám er stutt á veg komin.

Aðgerðir:

- Haldið verði áfram við að prófa ný yrki af ávaxtatrjám og planta berjarunnum í borgarlandið.
- Þátttaka í verkefnum sem miða að því að prófa og afla þekkingar um ný ræktunaryrki.

8. Fræðsla til almennings um tré og trjágróður verði aukin.

Reykjavíkurborg rekur Grasagarð Reykjavíkur sem miðlar fræðslu um ræktaðar plöntur og stendur að verkefninu „Lesið í skóginn“ og Náttúruskólanum sem miðla fræðslu og hvetur til útikennslu í grænum svæðum. Gerðar hafa verið ýmsar úttektir um náttúru og græn svæði borgarinnar. Unnið hefur verið að því að skrásetja gróðursvæði borgarinnar, bæði stærð svæða og tegundaval og safna upplýsingum í gagnagrunn. Upplýsingarnar er hægt að tengja við landupplýsingakerfi borgarinnar.

Aðgerðir:

- Upplýsingar trjágróður borgarinnar verði aðgengilegar á heimasíðu.
- Náttúrufarsúttektir og upplýsingar um græn svæði borgarinnar verði aðgengilegar á heimasíðu.
- Halda áfram að sinna fræðslu með verkefnum Lesið í skóginn og Náttúruskólanum.

9. Trjáræktarstefna skili sér í skipulagsáætlunum.

Trjágróður mætir oft afgangi og kemur ekki samhliða öðrum framkvæmdum í hverfum bæði í frágangi borgarinnar og á lóðum. Ekki hefur verið nægilega fylgt eftir að gróður á lódateikningum skili sér. Trjágróður í iðnaðar- og athafnasvæðum er mikilvægur til að loka af umferð og innsýn. Við deiliskipulagsgerð í byggðum hverfum er oft ekki gerð úttekt á trjágróðri til grundvallar tillögugerð. Ákveðnar trjátegundir geta verið einkennandi fyrir ákveðin hverfi. Trjágróður hefur stundum verið tekinn með sem hluti gatnaframkvæmda.

Aðgerðir:

- Trjágróður sem sýndur er í deiliskipulagi hverfa verði tekin með strax í framkvæmdir vegna hverfis.
- Trjágróður í gatnaumhverfi verði hannaður og framkvæmdur sem hluti af gatnaframkvæmdum.
- Umfjöllun um frágang lóða og trjágróður séu í almennum skilmálum í deiliskipulagi og í skipulagsskilmálum fyrir einstakar lóðir.
- Unnin sé trjáúttekt fyrir byggð hverfi við upphaf deiliskipulagsgerðar.
- Settar verði almennar kvaðir fyrir trjágróður á lóðum í deiliskipulagi.



10. Þekking verði aukin um mikilvæg tré á einkalóðum og trjám sem eru einkennandi fyrir ákveðin hverfi.

Trjágróður á lóðum er eign viðkomandi lóðarhafa en er engu að síður mikilvægur til að skapa aðlaðandi umhverfi, bæta veðurskilyrðin í borginni og hreinsa loftið af svífryki og ýmsum mengandi lofttegundum. Trjágróðurinn sýnir árstíðirnar og er búsvæði fyrir fugla og aðrar lífverur. Ýmsar langlífur trjategundir geta lifað lengur en áætlaður líftími húsanna. Ákveðnar trjategundir geta verið einkennandi fyrir ákveðin hverfi. Þekking er takmörkuð og brotakennd á merkilegum trjám á einkalóðum. Í gildi eru reglur hjá borginni sem settar eru á grundvelli byggingarreglugerðar⁷ um að sækja þurfi um leyfi til að fella tré sem eru hærri en 8 m eða eldri en 60 ára⁸. Árlega berast um 50 trjáfellingarbeiðnir. Einhver hluti beiðna eru vegna sem telja má eðlileg grisjun en líklega er stærsti hluti beiðna vegna aspa og einnig eru algengar beiðnir vegna grenitrjáa. Aspar- og grenitrén eru þá orðin alltof stórvaxin í lóðinni. Töluvert er einnig haft samband og leitað upplýsinga um úrræði vegna trjáa hjá nágretta. Ákvæði í byggingarreglugerð eru ekki afturvirk og er fátt hægt að gera ef nágrenninn sýnir málinu ekki skilning nema þá að fara í mál við nágrennann.

Aðgerðir:

- Úttekt gerð á mikilvægum trjám í eldri hverfum.
- Unnin sýn borgarinnar á mikilvægi einstakra trjáa.
- Þrýsta á löggjafarvaldið um að finna einfaldari úrlausnir en málarekstur vegna deilna um tré.

ÞJ.

⁷ <http://www.reglugerd.is/interpro/dkm/WebGuard.nsf/key2/112-2012>

⁸ http://www.reykjavik.is/Portaldata/1/Resources/umhverfissvid/samthykkir/FridunTrjaa_Skra_0006653.pdf



